

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
150 Reykjavík



FISKISTOFA

Deishrauni 1 220 Hafnarfirði
S: 569 7900 F: 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
www.fiskistofa.is

Hafnarfjörður, 28.03.2014
Titiv. 0098/2014 - 3.1.1

Efni: Framsal aflaheimilda frá Hafnarfirði. ANR14020322.

Við er til tölvupósts ráðuneytisins, dags. 11. mars sl., þar sem óskað er eftir umsógn Fiskistofu um bréf Hafnarfjarðarbæjar, dags. 27. febrúar sl., varðandi framsal aflaheimilda af þór HF-4.

Málavextir

Þann 31. janúar sl. bárust Fiskistofu fimm umsóknir um staðfestingu á flutningi aflahlutdeilda af þór HF 4 (2549) yfir á eftirtalin skip:


1. Barði NK 120 (1976) í eigu Síðarvinnslunnar hf.
2. Bjartur NK 121 (1278) í eigu Síðarvinnslunnar hf.
3. Kaldbakur EA 1 (1395) í eigu Útgerðarfélag Akureyringa ehf.
4. Áskell EA 749 (2749) í eigu Kjálkaness ehf.
5. Snaefell EA 310 (1351) í eigu Samherji Ísland ehf.

Fiskistofa fékk ekki sérstaka tilkynningu frá Stálskipum ehf. varðandi áform um flutning allra aflaheimilda félagsins frá Hafnarfirði. Sendar voru inn hefðbundnar umsóknir um staðfestingu flutnings, en þær eru að jafnaði afgreiddar samdægurs. Flutningsbeiðnirnar fóru því í gegnum hefðbundið ferli fyrir flutning aflahlutdeilda og voru þær ekki tilkynntar til ráðherra.

Ekki liggur ljós fyrir hvaða viðmið á að nota þegar lagt er mat á hvort framseldar aflahlutdeildir eru meira en fimmtungur hlutdeilda í sveitarfélagi. Til dæmis er ekki ljóst hvort miða á við skráð lögheimili útgerðar, starfstöð eða heimahöfn skips. Ennfremur er ekki ljóst hvort reikna á með þorskiöldum þegar hlutfall hlutdeilda er reiknað eða hvort ákvæðið á við eina tiltekna flutningsbeiðni eða fleiri samanlagt. Í tilfalli þórs HF 4 verður ekki annað séð en að samanlagt séu hlutdeildir í ofangreindum flutningum meira en fimmtungur hlutdeilda í bæjarfélaginu, óháð því hvaða viðmið eru notuð.

Þann 3. mars sl. barst Fiskistofu afrit af Bill of Sale varðandi sölu skipsins þórs HF 4 (2549) til Rússlands.

Forkauparéttur

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	1.4.2014
Málsnr:	1401444
Bréfal:	636

Um forkaupsrétt á skipi skv. 3. mgr. 12. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 er það að segja að skv. tilvitnuðu ákvæði er Fiskistofu ekki ætlað hlutverk í sambandi við tilkynningu um fyrirhugaða sölu. Forkaupsréttur skal boðinn sveitarstjórn, en það er í höndum samningsaðila að gera það en ekki Fiskistofu. Fiskistofu var ekki tilkynnt fyrirfram um viðkomandi sölu. Skipið var selt úr landi eftir að hlutdeildir höfðu verið fluttar af því.

Forkaupsréttur skv. 3. mgr. 12. gr. á við um skip en ekki hlutdeildir sem færðar eru af skipi.

Flutningur aflaheimilda


Í VII bráðabirgðaákvæði í lögum um stjórn fiskveiða er kveðið á um að ráðherra geti bundið framsal aflaheimilda skilyrðum eða bannað það þegar um er að ræða umtalsverðan hluta aflaheimilda í viðkomandi sveitarfélagi eða byggðarlagi, a.m.k. fimmtung eða meira, og ætla má að framsal eða önnur ráðstöfun þeirra út fyrir sveitarfélagið eða byggðarlagið hafi veruleg neikvæð áhrif í atvinnu- og byggðalegu tilliti.

Handhafa aflahlutdeildar (aflaheimildar) ber að tilkynna Fiskistofu ef áformað er að framselja eða ráðstafa með öðrum hætti aflaheimildum frá sveitarfélagi eða byggðarlagi, innan mánaðar áður en umrætt framsal eða ráðstöfun á að fara fram. Í tilfalli þórs HF 4 voru áformin ekki kynnt Fiskistofu mánuði áður en ráðstöfun átti að fara fram.

Rétt er að leiðrétta misskilning Hafnarfjarðarbæjar á tilteknu atriði í bréfi Fiskistofu til bæjarins, dags. 13. febrúar sl. Með orðunum „Fiskistofa fékk ekki sérstaka tilkynningu um flutning aflaheimilda frá Hafnarfirði“ í síðustu málsgrein umrædds bréfs, er ekki átt við að Hafnarfjarðarbær hafi átt að tilkynna um flutninginn, heldur að ekki hafi borist sérstök tilkynning frá handhafa hlutdeildar um að flytja ætti allar hlutdeildir félagsins frá Hafnarfirði. Þannig var athygli Fiskistofu ekki sérstaklega vakin á því að um væri að ræða flutning sem fallið gæti undir bráðabirgðaákvæði VII. Í stað þess voru sendar inn fimm aðskýldar millifærslubeiðnir.

Það er rétt að Fiskistofa tilkynnti ráðherra ekki um flutning hlutdeilda af Þór HF 4 (2549). Óvissa hefur ríkt hjá stofnuninni um hvernig ætti að túlka og framkvæma bráðabirgðaákvæði VII í lögum um stjórn fiskveiða, sbr. það sem segir um óljós viðmið hér að ofan. Þar sem útgerðaraðili setti málið ekki í þann farveg sem ætlast er til skv. bráðabirgðaákvæði VII með fyrirfram tilkynningu til Fiskistofu, fór það framhjá starfsmönnum stofnunarinnar að athuga hvort tilvikið gæti hugsanlega átt undir bráðabirgðaákvæðið.

F. h. Fiskistofu



Sigurjón Ingvason
Sviðsstjóri lögfræðisviðs